

Stjórnarfundur LH 31. ágúst 2010

24. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Sigrún Valdimarsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Haraldur Þórarinnsson, Gunnar Sturluson, Sigurður Ævarsson, Sigfús Helgason og Oddur Hafsteinsson. ÞG ritar fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Rætt um orðalag síðustu fundargerðar, breyta orðalagi undir önnur mál – liður b og c.

Rætt um hvort að einstaklingar hafi rétt til þess að koma með tillögur á Landsþingið. Talið að hestamannafélögin, stjórn LH og starfsnefndir hafi eingöngu tillögurétt en ekki einstaklingurinn. Verkefnið „Allir vinna“ – búið að óska eftir fundi.

2. Hestapest

Fundargerð frá fundi um stöðu smitandi hósta sem haldin var 17.08.10 verði birt á heimasíðu LH. Stjórn LH skorar á MAST að semja reglur/tilmæli um hóstapestina og umgengni vegna hennar í hesthúshverfum. Hvernig eigi að bregðast við m.t.t. til heilbrigðra og óheilbrigðra hesta. Áætluð er fundarherferð LH í kringum landið með hestamannafélögunum vegna viðbúnaðar um hóstapestina í hesthúshverfunum.

3. Landsþing

Þingforsetar Landsþing LH verða væntanlega Jón Ólafur Sigfússon og Sigurður J. Sigurðsson.

12 tillögur hafa borist fyrir Landsþingið. Skrifstofa sendi tillögur til stjórnar og til nefnda.

Fljótlega þarf að fara að senda út boð til þeirra sem á að bjóða á Landsþingið.

Skrifstofa LH stefnir að því að halda Landsþingið sem pappírslaut þing. Nauðsynlegt að kynna það vel fyrir fundargestum.

Afmælisár LH er núna árið 2010. Stjórn leggur til að halda afmælisfögnuð í tengslum við Landsþingið.

Stjórnarmenn hugi að tillögum að gullmerki LH.

4. Uppskeruhátíð

HP varpar fram tillögu um að verðlauna þann stóðhest sem hefur gefið flesta/besta keppnishestinn. Verðlauna besta gæðinginn og besta íþróttakeppnishestinn. OH er falið að athuga hvort þetta sé framkvæmanlegt.

Nauðsynlegt þykir að halda utan um skráningu farandgripa Íslandsmeistaramóts.

Keppnisnefnd LH komi með tillögur að undirbúningi og framkvæmd að vali afreksknapa á Uppskeruhátíð.

Stjórn LH skipar í Uppskeruhátíðarnefnd Sigrúnu Valdimarsdóttur, Vilhjálmi Skúlason og Hallmar Sigurðsson.

5. Önnur mál

a) Stjórn LH samþykkir að ábyrgð vegna skuldabréfs sem tekið var vegna LM ehf. verði í

samræmi við eignahlutfall LH og BÍ á LM ehf. HB, SÆ og SH skrifuðu undir fyrir hönd LH.

b) Rætt um orðalag erindisbréfsins til nefndarinnar sem skipuð hefur verið til þess að fara yfir þróun og núverandi stöðu LM. Sjá tilnefningar í erindisbréfi.

c) Skrifstofa LH beðin um að hafa samband við stjórnarmenn LH og finna hentugan tíma fyrir næsta fund stjórnar LH. Skrifstofa sendi til stjórnar þær tillögur sem borist hafa fyrir Landsþing.

d) OH greinir frá verkefninu Kortasjá, verkefni sem var samþykkt á síðasta Landsþingi, þingskjöl nr. 2a og 2b. Stjórn LH leggur til að OH og HÖG starfsmaður LH skili inn til stjórnar mati á verkefninu.

e) Rætt um aldursskiptingu yngri flokka fyrir næsta LM. Munu börn og unglingar keppa eftir aldursskiptingu á LM2011 sem gildi fyrir árið 2010? Stjórn leggur til að gerð verði tillaga þess efnis og lögð fyrir á Landsþingi 2010.

f) Rætt um staðarval Íslandsmóts 2011, sem áætlað er að haldið verði á Vindheimamelum.

g) Stjórn LH barst fyrirspurn vegna framkvæmdar á prófum og upprifjunarnámskeiðum GDLH. Farið var yfir málið og óskaði stjórn eftir minnisblaði frá GDLH fyrir næsta stjórnarfund.

Fundi slitið.